



32. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

Fjarfundur – fimmtudag 20. október 2022 kl. 12:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi, Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varformaður (BL) Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Herbert Arnarson (HSA), Lárus Blöndal (LB), Einar Karl Birgisson (EKB), Erlingur Hannesson (EH) og Guðrún Kristmundsdóttir (GK).

Forföll boðaði: Herbert Arnarson (HSA).

Einnig sátu fundinn Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri (KGP) og Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri (SÖA).

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Vegna ábendingar um brot á reglum um fjölda erlendra leikmanna inná á leikvöllinum

HSJ þakkaði stjórnarmönnum fyrir að bregast við skömmum fresti á boðun þessa fundar.

Borist hefur ábending um að hugsanlega hafi Tindastóll verið með fjóra erlenda leikmenn inná leikvelli í leik sínum við Hauka í 32 liða úrslitum VÍS bikars karla á síðasta mánudag, 17. október. Sé það málið að fjórir erlendir leikmenn hafi tekið þátt í leiknum á sama tíma þá er það brot á 15. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót. Í ljósi laga sambandsins og reglugerða þá var það mat HSJ að kalla stjórnina saman til fundar.

Stjórn samþykkir að senda málið til aga- og úrskurðarnefndar.

Fundi slitið kl. 12:45.